



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Furuskógur

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022.....	5
3 Innra mat deilda.....	10
3.1 Innra mat Álfasteins.....	10
3.2 Innra mat Birkilundar	14
3.3 Innra mat Dvergasteins.....	19
3.4 Innra mat Grenilundar.....	24
3.5 Innra mat Huldusteins.....	28
3.6 Innra mat Skógarlundar	31
4 Innra mat sérkennslu	37
5 Innra mat – fjöltyngd börn	40
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	42
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	42
8 Foreldrasamvinna.....	42
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	43
10 Fylgigögn.....	43
10.1 Fylgiskjal 1 – Skóladagatal	43
10.2 Fylgiskjal 2 – Umsögn foreldraráðs.....	43





Leiðarljós leikskólans

Við höfum kærleika og faglega umhyggju að leiðarljósi í uppeldi, umönnun og menntun barna sem stuðlar að því að börnin þrói með sér jákvæða sjálfsmynd. Sérstaða og sjónarmið hvers einstaklings eru virt og stuðla að því að börnin verði fær um að lifa og starfa á farsælan hátt í samfélagi við aðra menn og umhverfi sitt.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2021-2022 einkenndist af kórónuveirufaraldrinum og nýjum reglugerðum um takmörkun skólastarfs.

Við höldum áfram innleiðingu Menntastefnunnar og var áhersla á heilbrigði. Við fengum fræðslu frá Hugfrelsi á fyrsta skipulagsdegi skólaársins og var ákveðið að vinna með styrkleika á skólaárinu og var áhersla einn styrkleika í hverjum mánuði.

Aðlögun gekk vel en söknum við þess að geta verið með þátttökuaðlögun. Í þátttökuaðlögun eru foreldrar virkir þátttakendur í starfi leikskólans frá fyrsta degi, en þar er lagður grundvöllur að góðri samvinnu.

Við stóðum líka frammi fyrir því að það varð óvenjulega mikil sérkennsla sem kallaði á fleiri starfsmenn, áskoranir og aukið skipulag.

Í október var Menntakvika og við nýttum starfsdaginn til þess að taka þátt í henni. Frábært tækifæri þess að stuðla að sameiginlegri starfsþróun. Teymi um ferilmöppur hittist og er ég mjög ánægð með þá þróun sem ferilmöppurnar hafa tekið.

Við sóttum öll námskeið um slysavarnir sem starfsmaður Rauðakrossins hélt fyrir okkur. Starfsfólkið var mjög áhugasamt og fannst þetta gott tækifæri til þess að fara yfir efnið saman. Við fengum líka hópefli sem var nauðsynlegt miðað við þau verkefni sem við vorum í.

Við höldum einnig upp á afmæli skólans, en hann varð 10 ára 1. júlí síðast liðinn, gerðum okkur glaðan dag og höfðum afmæliskaffi.



Í janúar fengum við mjög góðan fyrirlestur á netinu um innra mat. Markmið fyrirlestursins var að skerpa og samstillast hópinn í að ígrunda starfið gera það markvissara.

Í mars fenguð við hinsegin fræðslu sem þátt í að fá Regnbogavottun Reykjavíkurborgar.

Við fengum regnbogavottun byrjun apríl, allir eru mjög áhugasamir og stoltir af því hlutverki. Var ákveðið að flagga Regnbogafánnum saman á degi fánans 17. maí.



Síðasti skipulagsdagur skólaársins var notaður til þess og gera sér dagamun. Var ferðinni heitið að Sólheimum í Grímsnesi og fengum við fyrirlestur um sögu Sólheima og hugmyndafræði þess. Fyrirlestur og dvölin á Sólheimum þennan dagspart hreif starfsmannahópinn og var ferðin kærkomin leið til þess að efla starfsandann.

Ég verð því miður að taka það fram hérna að við lentum í miklum hrakningum með húsnæði Furuskógar í Álandi. Það var tekin ákvörðun að flytja starfsemi tímabundið í Safamýri 5.

Vil ég nota tækifærið til að þakka starfsfólki Furuskógar, börnum og foreldrum fyrir að hafa tekið þátt í þessu flókna verkefni með okkur og lagt sitt að mörkum að gera sem best úr því sem komið var. Flutningurinn var mikil vinna en starfsfólkið á hrós skilið fyrir sitt vinnuframlag.

Í haust langar okkur til að endurskipuleggja þjónustu okkar við börnin innan skólans. Nota tækifærið með nýju skipulagi í þjónustumiðstöðinni, innleiðingu á BBB (Betri borg fyrir börn). Míнар væntingar eru miklar til þess að þetta skipulag eigi eftir að efla þá sérfræðinga sem eru innan skólans styrkja samstarfið við stuðninginn sem er í Norðarmiðstöð, börnum í Furuskógi til bóta.

Reykjavík, 29. 06. 2022

Ingibjörg Brynjarsdóttir leikskólastjóri

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat


Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Fagmennska starfsfólks	Gátlistar	Starfsmenn	Þessir þættir samræmast lýsingu á gæðastarfi. Fylgja þarf eftir að deildarfundir séu mánaðarlega.
Starfsánægja	Gátlistar	Starfsmenn	Þessir þættir samræmast lýsingu á gæðastarfi. Vinnuaðstaða krefst úrbóta. Efla þarf starfsandann og heiðarleg og hreinskiptin samskipti.
Hlutverk leikskólakennarans	Gátlistar	Starfsmenn	Þessir þættir samræmast lýsingu á gæðastarfi. Tækifæri til úrbóta að styðja deildarstjóra gefa starfsfólki á deildinni endurgjöf og leiðsögn. Efla skráningar.
Opinber birting	Gátlistar	Starfsmenn	Þessir þættir krefjast úrbóta.



Gagnaöflun og vinnubrögð	Gátlistar og deildarfundir/skipulagsdagar	Starfsmenn	Þarf að gera þennan þátt markvissari.
Opinber birting og umbætur	Gátlistar deildarfundir starfsmanna-fundir	Starfsmenn	Gera innra matið sýnilegra.
Skipulag og viðfangsefni	Skipulagsdagar	Starfsmenn	Endurskoða þarf skólanámskrá og aðrar áætlanir.

Ytra mat

Það var gerð viðhorfskönnun á meðal starfsmanna í mars. Niðurstöður hennar voru á heildina góðar. Það sem krefst úrbóta er að hluti af starfsmannahópnum telur sig verða fyrir áreitni, fordómum og einelti af hálfu samstarfsfólks. Við lítum þetta mjög alvarlegum augum og þessi hegðum samræmist engan veginn þeim gildum sem höfum ákveðið saman og eiga að einkenna samskipti okkar: *Gleði, vinsemd og virðing*. Við ætlum að halda áfram að skapa það umhverfi sem öllum líður vel í og verður unnið markvisst að því í vetur. Einnig ætlum við að halda áfram að vinna með gildin okkar. Eitt verkefni sem styður þá vinnu er samskiptasáttmáli sem á að móta í vetur og hafa hann sýnilegan í umhverfinu fyrir starfsfólk, börn og foreldra.



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsánægja	Viðhorfskönnun	starfsmenn	Í lagi
Stjórnun	Viðhorfskönnun	Starfsmenn	Í lagi
Sveigjanleiki	Viðhorfskönnun	Starfsmenn	Í lagi
Vinnuaðstaða	Viðhorfskönnun	Starfsmenn	Krefst skoðunar
Líðan og álag	Viðhorfskönnun	Starfsmenn	Krefst skoðunar
Hæfilegt vinnuálag	Viðhorfskönnun	Starfsmenn	Krefst skoðunar
Vellíðan	Viðhorfskönnun	Starfsmenn	Krefst skoðunar



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Verklag við móttöku nýrra starfsmanna	Vel upplýstir starfsmenn frá upphafi	Taka saman upplýsingar fyrir nýja starfsmenn. Regluleg viðtöl við nýja starfsmenn	Stjórnendur	Sept.	Maí	Spurningalistar / Viðhorfskönnun	Starfsfólk skólans er vel upplýst um verkefni sín, hlutverk, réttindi og skyldur
Öryggismál	Koma öryggis- málum í markvisst ferli	Gera áhættumat og öryggis- áætlun	Stjórnendur, öryggisvörður, öryggis- trúnaðarmaður	Sept.	Janúar	Gátlistar	Áhættumat og öryggis- áætlun eru gerð og öryggis- stefnu borgarinnar fylgt.
Starfsmannahandbók	Handbók sem heldur utan um allar upplýsingar sem snúa að starfs- mönnum	Uppfæra þarf starfsmanna handbók	Stjórnendur	Sept.	Maí	Viðhorfskönnun	Upplýsandi og aðgengileg handbók.
Uppeldis- og menntastarf							
Samræming vinnubragða	Samræmd viðbrögð starfsmanna við mennta- starf	Fræðsla	Stjórnendur	Sept.	Maí	Gátlistar	Unnið er með börnum eftir ákveðinni hugmynda- fræði og viðbrögð samræmd.



Lausnateymi	Lausnateymi í starfar í skólanum, þar sem sérfræði- þekking kennara nýtist til snemm tækrar íhlutunar	Setja saman og innleiða lausnateymi í starfið, festa fundi í skipulagi skólans	Stjórnendur og sérkennslustjór i	Sept.	Maí	Samtöl og samráð við Norðurmiðstöð	Lausnarteym í starfar í skólanum, sérfræði þekking kennara nýtist til snemm tækrar íhlutunar. Samþætt þjónusta við börn í samstarfi við skólaþjón- ustu
Mannauður/ Leikskólabragur							
Samskipti	Samskipti eru í ákveðnum farvegi og einelti og áreitni þrífast ekki í starfseminni	Samskipta- sáttmáli gerður, sem byggir á gildum skólans	Stjórnendur	Sept.	Maí	Viðhorfskönnun Endurmat að vori	Samskipta- sáttmáli er til staðar og samskipti endurspegla hann og gildi skólans.
Regnbogavottun	Starfsemi skólans er hinsegin væn	Gerð er aðgerða- áætlun varðandi fjölbreyti- leika (hinsegin málefni) og henni fylgt	Stjórnendur	Sept.	Maí	Mat á aðgerðaáætlun	Starfsemi skólans gerir ráð fyrir fjölbreyti- leika í mannlífi og starfsfólk hefur þekkingu á hinsegin málefnum.



3 Innra mat deilda

3.1 Innra mat Álfasteins

Á Álfasteini í vetur voru 20 börn, 8 fædd 2018 og 12 fædd 2017. Stöðugildi Álfasteins eru 3,86% með öllu. Í vetur störfuðu á deildinni 5 starfsmenn, 2 í 100%, 2 í 80%, 1 í 10% og 1 í 5%. Þessi starfsmannahópur dekkar afleysingar fyrir undirbúning, veikinda afleysingar og stuðning. Þetta ár hefur gengið nokkuð vel þrátt fyrir að bæði starfsfólk og börnin voru stundum frá vegna covids.


Við höfum í vetur verið að vinna mikið með vináttuna og notuðum við það ýmsar bækur má þar nefna til dæmis „*Regnbogafiskinn*“ og „*Finnur Rúsínu*“. Einnig höfum við verið að leggja inn málhljóð og hreyfingar *Lubba*, framsögn, form og tölustafi og farið í útinám 2-4 í viku. Í könnun sem gerð var með börnunum í janúar/febrúar 2022 kom í ljós að meiri hluti barnanna á deildinni er ánægður með útinámið, þ.e.a.s. 18/ 20 börnum.

Núna þetta skólaár höfum við með Hugarfrelsi og erum að gera öndunaræfingar með börnunum í samverustundum, útinámi og gripið í þær við ýmsar aðrar aðstæður eins og til dæmis í strætóskýlinu. Við fórum þrisvar á Árbæjarsafnið, einu sinni á Listasafn Rvk og Norræna húsið, og einu sinni í mánuði á bókasafnið í sögustund hjá Rut í Kringlubókarsafninu og mættum í alla 9 tímann þar.

Skipulag inni á deild

Við á Álfasteini höfum sett okkur það að bæta starfið inni á deild með því að búa til vikuplan sem innihélt þau verkefni sem vinna átti með þá viku. Þau verkefni voru: Þema, bækur, söngur/þulur, Lubbi, Hugarfrelsi og útinám. Þetta var hugsað til að allir væru að vinna að sama hlutnum og dagurinn gengi betur fyrir sig. Einnig til þess að afleysingarfólk vissi hvað var verið að vinna með hverju sinni. Vikuplan var einnig sent til foreldra svo allir gætu fylgst með og tekið upp samræður heima við börnin.

- **Styrkleikar:** Betra skipulag á deildinni fyrir börnin og dagurinn gengur betur fyrir sig. Við teljum að þessum þætti sé því hér með lokið.



Vikuplan með Álfasteini

Eftir að hafa lesið könnun foreldra frá 2021 kom fram að tveir foreldrar óskuðu eftir að starfið sem fer fram inná deild sé sýnilegra fyrir alla. Einnig kom fram í foreldraviðtölum að börnin segja ekki mikið frá/ eða ekkert um hvað þau gera yfir daginn. Ákveðið var í haust að senda í vikupósti hvað við gerum í næstu viku, sem sagt hvaða Lubba máhljóð/stafur sem eru lesnar og lög.

- **Styrkur:** Starfið sýnilegra fyrir alla, ekki bara starfsfólk. Samvinna milli starfsfólks og forsjáraðila barna á deildinni.
- **Framkvæmd:** Við sendum út vikuplan til foreldra um næstu viku í lok hverjar viku. Þetta gekk mjög vel og á deildarfundum var starfsfólk ánæggt með vikuplönin og vilja hafa það fast og því er þessari framkvæmd lokið.
- **Tækifæri til umbóta:** Leyfa börnunum á deildinni að velja bækur t.d.

Útinám

Á haust/vor önn var farið flesta daga í ferðir út fyrir garðinn. Við förum mjög oft að reitnum okkar í skólagörðunum sem heitir J1 en þar ræktum við grænmeti, orma og blóm. Einnig var mikill áhugi barnanna á fuglalífinu í kringum okkur. Við heimsækjum eldstæðið í Kópavogi, kveikjum á kerti og erum með fræðslu/samverustundir/öndunaræfingar.

- **Styrkur:** Börnin fá að kynnast nærumhverfi sínu ásamt breytingum á náttúru og fuglalífi. Útikennslagefur nemendum á fyrstu árum tækifæri til að auka vitrænan þroska, málþroska, hreyfi þroska og félagsfærni.
- **Framkvæmd:** Útinámið gekk vel fyrir sig og teljum við þessum þætti umbótaráætlunar því lokið.

Heilbrigði

Á Álfasteini höfum við mikið verið að vinna með heilbrigði.

Útinám er kjörið til að auka þol og úthald barnanna.

Við höfum síðustu ár lagt mikla áherslu á mikilvægi handþvotts þar sem við vorum með barn með bráðaofnæmi fyrir eggjum og kom það sér vel á Covid-19 tímum að hafa verið að vinna með handþvottinn þannig að það þarf varla að minna börnin á mikilvægi hans.

Við höfum lengi haft tannverndarviku hjá okkur þar sem farið er yfir mikilvægi góðrar tannheilsu og höfum við verið svo heppin að fá gefins tannbursta og tannkrem til að taka með heim í lok tannverndarviku.



Við lesum bækur með öndunar/slökunar æfingarsögur, búum til okkar eigin sögur og gerum fingraæfingar sem hjálpa okkar að anda inn og út. Erum með nýtt styrktar orð í hverjum mánuði sem við kynnum fyrir börnunum.

- **Styrkur:** Börnin verða meðvitaðri um mikilvægi heilbrigðs lífstíls.
- **Framkvæmd:** Heilbrigði gekk vel og tóku börnin vel í að vinna saman með okkur í því og teljum við þessum hluta lokið en ætlum að halda áfram með heilbrigði og hugarfrelsi næsta haust.
- **Tækifæri til umbóta:** Vinna meira/dýpra með styrktar orðin í Hugarfrelsi. Spyrja börnin hvernig þeim líður og hvernig þeim finnst æfingarnar.

Reglur

Við ákveðum að leyfa börnunum aftur að búa til reglur fyrir deildina og gerðum það í janúar eftir að vera búin að leggja mikið inn með vinafærni, vera góð við hvort annað, ekki skilja út undan og hjálpa hvort öðrum í haust. Árið 2021 byrjuðum við að hausti að gera reglur og þá kom ekki mikið frá börnunum, en að í janúar komu börnin með fullt af reglum sem við skráðum niður og gerðum svo sýnilegar inná deild.

- **Styrkleiki:** Börnin voru farin að sýna meiri vinafærni og vorum við farin að heyra setningarnar „Eigum við að skiptast á“ eða „Má ég vera með“ jafnvel „Á ég að hjálpa þér“. Minna hvort annað á reglurnar.
- **Framkvæmd:** Að leyfa börnunum að móta reglur með okkur hefur tekið 2 ár, erfitt var að fá út úr börnunum á haustönn hvaða reglur þau vilja, en í þetta sinn ákveðum við að bíða þar til í janúar að móta reglur með þeim og þá tjáðu þau sig langflest. Við ætlum því að tala um reglur á haustönn og svo leyfa þeim að velja með okkur reglur en búa svo til sínar reglur í lok desember eða byrjun janúar.
- **Tækifæri til umbóta:** Kynna fyrir börnunum hvað eru reglur á haustönn og hafa reglurnar þeirra áfram myndrænar og á fleiri en einum stað.



Næsta haust 2022 og vor 2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
I vikuplani, leyfa börnunum að vera með í að ákveða hvaða bækur eru lesnar í næstu viku.	Að þjónar taki átt í að ákveða hvaða bækur fara á vikuplan fyrir næstu viku.	Börnin spurð hvaða bók ætti að vera í næstu viku, sína þeim hvar bækurnar eru í leikskólanum og þau velja bók.	Starfsfólkið á deildinni heldur saman utan um það. T.d. þegar þjónninn nær í matarvagninn þá að velja líka eina bók.	Haust	Vor	Deildarfundir	Að börnin taki þátt í/ hafi áhrif hvað er lesið fyrir þau í samverustundum.
Að vinna betur með styrktarorðin	Að tala betur um styrktarorð mánaðarins. Fara dýpra í þau með börnunum.	Börnin spurð hvað orðið þýðir, það skráð niður og haft sýnilegt. Kennarar segja börnunum hvað orðið þýðir.	Starfsfólk á deildinni ber ábyrgð.	Haust	Vor	Deildarfundir	Leggja inn ný orð sem tengjast styrkleika/ heilbrigði.
Kynna börnin fyrir reglum á deildinni og síðar leyfa þeim að móta resglurnar.	Í byrjun skóla annar eru reglur frá síðustu skóla önn kynntar og síðan fá börnin að búa til reglur sem eru sýnilegar í báðum herbergjum á deildinni.	Reglur útskýrðar og sagt frá þeim og sýndar í myndrænu og þeim sagt að þau fái svo að búa til reglur á haustönn og vorönn.	Starfsfólk heldur utan um.	Haust	Vor	Deildarfundir	Börnin fái að móta sínar reglur á sinni deild.



3.2 Innra mat Birkilundar

Í vetur voru 16 börn fædd árið 2019 og 2020 á Birkilundi.

Félagsfærni:

Við leggjum mikla áherslu á jákvæð samskipti og að kenna börnum vinnufærni. Þau æfa sig meðal annars að virða einkarétti hvers og eins þar sem aðalreglan hjá okkur er „við höfum hendur og fætur hjá okkur“ og að nota orð í staðinn fyrir grátur, taka af eða lemja og fengu þau mikið hrós fyrir rétta hegðun. Auk þess syngjum við og lesum reglulega lög og bækur tengd vinnufærni. Búið er að skipuleggja dagana þannig að starfsmaður getur verið til staðar í leiknum hjá börnunum og styður hann börnin í að móta hæfni í jákvæð samskipti. Eftir innleiðingu vinnustyttingar þurftum við að dreifa verkefnum á færri starfsmenn og því urðu færri tækifæri fyrir starfsmenn til að vera ótruflaðir til staðar í leiknum fyrir börnin. Þó tækifærum hafi fækkað eftir áramót tókst það vel að innleiða þessi vinnubrögð. Í könnun sem gerð var með börnunum í maí 2021 hvað góður vinur væri þá var algengasta svarið barna að góðir vinir leiki saman og teldu þau svo upp hvað þeim finnst gaman að leika saman við þá.

- **Styrkleikar:** Við sáum mun á börnunum þegar starfsmaður er með í leiknum og sýndu þau miklar framfarir í jákvæðum samskiptum.

Starfsmönnum á Birkilundi fannst að við gætum styrkt börnin enn frekar í jákvæðum samskiptum. Börnin á Birkilundi eru oftast í samhliðaleik það er að segja að þau leika sér með sama dót og hin börnin í kring en ekki endilega við þau. Þau eiga stundum erfitt með að deila dótum þegar annað barn kemur með inn í leik. Í þetta sinn vildum við einblína okkur á að hjálpa börnunum að leika í kringum aðra og að deila dótinu sem þau eru sjálf upptekin af.

- **Tækifæri til umbóta:** Að styrkja börnin enn frekar í jákvæðum samskiptum. Hjálpum börnum að taka því að önnur börn sýni því áhuga sem þau eru sjálf upptekin af.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hlutverk starfsfólks í frjálsum leik barnanna  Félagsfærni	Starfsfólk er til staðar í leiknum hjá börnunum til að styrkja börnin enn frekar í jákvæðum samskiptum, að taka því að önnur börn sýni því áhuga sem þau eru sjálf upptekin af og þannig í þroskaferlinu.	Starfsfólk er meðvitað um að leiðbeina börnin á jákvæðan hátt í þessu ferli.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept. 2021	Í maí 2022	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning: Ljósmyndir og myndbönd	Börnin sýna sjálf frumkvæði að jákvæðum lausnum í samskiptum.

Heilbrigði: Hugarfrelsi, festa í dagskipulag

Við á Birkilundi leggjum mikla áherslu á vellíðan barna bæði andlega og félagslega. Við förum daglega einu sinni til tvisvar út í garð þar sem börnin geta hreyft sig, klifrað, hlaupið, hjólað o.s.frv. Einnig förum við reglulega í útinám til að auka þol og úthald þeirra. Núna í haust byrjuðum við að innleiða aðferðir Hugarfrelsisins um núvitund og slökun. Þessir aðferðir geta hjálpað börnunum að róa sig og stuðlað að betri einbeitingu. Þrátt fyrir að við byrjuðum að nota öndunar- og slökunaraðferðir höfum við ekki nóg markvisst unnið með þá. Niðurstaða deildarstarfsmanna var sú að skipuleggja þurfi betur hugarfrelsistíma og festa þá í dagskipulaginu.

- **Tækifæri til umbóta:** Börnin fara reglulega í skipulagða hugarfrelsistíma.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Innleiðing á Hugarfrelsi  Heilbrigði	Markvisst innleiðing á Hugarfrelsi	Skipuleggja dagskipulagið þannig að æfingar og sögur úr bókinni Hugarfrelsisins verða komin inn í daglegt starf.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept. 2021	Í maí 2022	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning: Ljósmyndir og myndbönd	Þegar aðferðir Hugarfrelsis eru komnar inn í daglegt starf og börnin eru byrjuð að nota þær.

Sjálfsöfning:

Á Birkilundi leggjum við mikla áherslu á að skapa námsumhverfi sem mætir börnunum á forsendum þeirra þar sem þau geta eftir sjálfsöryggi og sjálfstæði, við hrósum og hvetjum þau í mismunandi aðstæðum, eins og að æfa sig að klæða sig sjálf í og úr útifötum, leysa verkefni og viðfangsefni á eigin spýtum (púsla, perla, byggja o.s.frv.) svo eitthvað sé nefnt. Þannig „öðlist [börnin] trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika“⁽¹⁾ og örva á sama tíma sjálfsmynd sem er meðal annars grundvöllur til að geta tekið „sjálfstæðar og ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra“⁽¹⁾. Þrátt fyrir að við spyrjum börnin oft hvað þau vilja leika með þá höfum við ekki unnið nógu markvisst af því að ýta undir rödd barna í vetur. Niðurstaða deildarstarfsmanna var sú að við viljum vinna markvissari að því að hlusta á rödd barna. Því ákváðum við að auka tækifæri barna um val leikefna. Á þennan hátt fá börnin tækifæri til að verða virkir þátttakendur í mótun leikskólasamfélags sínu.

- **Tækifæri til umbóta:** Umsjónamenn dagsins fara fyrst inn eftir útiveru fyrir hádegi og fá að velja leikefni dagsins með hjálp ljósmynda af dótinu sem er í boði.

¹ Reykjavíkurborg. (e.d.). Menntastefna til 2030 – Látum draumana rætast. Sótt af <https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-lat-um-draumana-raetast>

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Val um leikefni  Sjálfséfling	Að hlustað er enn frekar á rödd barna.	Umsjónamenn dagsins fara fyrst inn eftir útiveru fyrir hádegi og fá að velja leikefni.	Deildarstjóri, starfsmenn deildar framkvæma	Í sept 2021	Í maí 2022	Deildarfundir til að meta og ræða um hvernig gengur. Skráning um leikefnaval.	Börnin eru farin að óska sjálf eftir að velja leikefni fyrir utan þessa stunda.



Umbótaáætlun fyrir skólaár 2022/2023

Umbótaþáttur/ Matsþáttur	Markmið með umbótun	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgðaraðili	Hefst	Lokið	Endurmat: hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvenær hefst og hvenær lokið?		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/ eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Sjálfsefling  þátttaka í útináms- skipulagningu	Hlusta enn meira á rödd barna.	Tekið verður mið af vorviðtölum barna þar sem þau tjá sig um hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í útinámi sem og tjáningar þeirra í samveru- stundum. Auk þess mega þau tvísvar á skólaári taka myndir í útinám sjálf. Þannig taka börnin virkan þátt í skipulagningu útináms.	Allir starfsmenn á deild.	október 2022	maí 2023	Á deildarfundum og í samveru- stundum verður metið og rætt hvernig gengur, þar verða einnig skoðað söfnuðu gögnum eins og myndir úr vettvangsferðum sem bæði kennarar og börnin taka.	Þegar það hefur fest sig í sessi að börnin taka virkan þátt í skipulagningu útináms.
Sjálfsefling  Sjálfsefling barna í matartímum	Styrkja nemenda- sjálfstæði með því að bæta ábyrgð barna.	Börnin skila glasið sitt á matarvagninn og fara sjálfstæð í baðherbergi til að þvo hendurnar. Svo koma þau til baka í sæti sitt en mega sækja sér bók til að styttu sér biðtímann.	Allir starfsmenn á deild.	strax í apríl 2022	maí 2023	Á deildarfundum verður endurmetið hvernig framkvæmdin gekk og gengur, meðal annars hvernig og hvort við tökum eftir að börnin vaxa með aukna ábyrgð. Í foreldraviðtölum á hausti og vori verður í rætt hvort börnin sé búin að bæta sig í sjálfshjálpm sem	Þegar börnin líður vel í matartímum og sýna ábyrgð og sjálfstæði.



						og í spjall við þá í fataklefa. Börnin verða spurð í viðtal um líðan þeirra í matartímum.	
Fagmennska og samstarf  Bæta sýnileiki í starfi og bæta þannig foreldrasamstarf	Bætum sýnileiki leikskólastarfs á deild og þannig foreldrasamstarf með því að senda myndband sem sýnir börnin í daglegu leikskólastarfi á tveggja vikna fresti með í föstudags-tölvupóstum.	Starfsfólk tekur myndir og myndbönd af öllum börnum í daglegu leikskólastarfi og býr svo í samvinnu til eitt myndband sem fylgir föstudags-tölvupóstin.	Allir starfsmenn á deild en deildarstjórinn leggur lokahönd á myndbandið og sendir föstudags-póstin með myndbandinu.	strax í apríl 2022	maí 2023	Á deildarfundum verður endurmetið hvernig framkvæmdin og samvinnan gekk. Í foreldraviðtölum á hausti og vori verður í sameiningu endurmetið hvort það ætti að bæta sýnileiki.	Þegar starfsmenn hafa tileinkað sér þessi vinnubrögð og foreldrar eru ánægð með sýnileiki leikskólastarfsins.

3.3 Innra mat Dvergasteins

Í vetur voru á Dvergasteini 15 börn, þar af 7 fædd 2018, 6 fædd 2019 og 2 fædd 2020. Fyrsta markmið okkar sem teymi inn á deild var að fá börn til að aðlagast því að vera í leikskóla. Þetta markmið sýnir sig fram með því að athuga hvort börn upplifi sig örugg í kringum starfsfólkið og önnur börn, séu að aðlagast og taka virkan þátt í leik og mismunandi verkefnum innan og utan deildar.

Við ákváðum að við þyrftum að nota veturinn til að bæta hvernig við stundum frjálstan leik í kennslustofunni, hvernig við notum jákvæð samskipti sem fordæmi, hvernig við getum hjálpað börnum að ná betri stjórn á tilfinningum sínum og að lokum, skapa betri tækifæri fyrir börn til að njóta sín í að vera úti. Þessir punktar samsvara frjálsum leik, félagsfærni, heilbrigði og útinámi.

Við erum mjög stolt af vinnunni sem við höfum unnið inn á deild og hversu dugleg við höfum verið í að hafa samvinnu að leiðarljósi, jafnvel þegar það hafa komið óvissir tímar sem hafa aukið álag á okkur. Þannig að við bjóðum upp á besta umhverfið til barnanna, svo þau fái að þroskast og njóta sín á sínum hraða. Við vitum líka að það eru enn nokkrir punktar þar sem við gætum gert betur. Hér að neðan munum við velta fyrir okkur þeim atriðum og ákveða leið okkar fram á komandi vetur.

Frjáls leikur

Eins og undanfarin ár höfum við lagt áherslu á frjálsan leik vegna margvíslegra leiða hans til að hjálpa börnum í þroska á öðrum sviðum eins og félagsfærni og jákvæðum samskiptum svo eitthvað sé nefnt. Á Dvergasteini notum við frjálsan leik til að hjálpa börnum að tjá skoðanir sínar og æfa ákvarðanatöku, með því að hafa mismunandi stöðvar þar sem börn velja hvert þau fara og eftir ákveðinn tíma spyrjum við hvort þau vilji skipta um eða vera á sömu stöðinni.

Með því að nota frjálsan leik sem hluta af daglegri rútínu okkar getum við séð mismunandi persónuleika allra barna í kennslustofunni og á meðan við erum á þeirra stigi getum við búið til fræðandi augnablik sem tengjast leiknum sem á sér stað. Við notum opnar spurningar sem gera börnunum kleift að tjá sig umfram já/nei svör.

Síðasta vetur lögðum við mat á stöðu þessa svæðis á deild okkar og komumst að þeirri niðurstöðu að við þyrftum að einbeita okkur að hlutverki okkar sem kennara auk þess að verða betri í að skrá frjálsan leik í kennslustofunni okkar svo við gætum haft traustar sannanir fyrir því hvernig börnin eru að þróast í kennslustofunni.

Styrkleikar

- Við fengum betri skilning á því hvað það þýðir að hafa frjálsan leik í kennslustofunni: þetta snerist ekki um að láta börnin leika sér heldur að leyfa þeim að leiða leikinn þar sem þau vildu að hann fari. Þetta gerði okkur kleift að grípa inn í ef einhver átök kæmu upp, grípa einnig tækifæri til að útskýra hlutina í samhengi leiksins og kynna hlutverkaleik til að kenna nýtt hugtök sem gætu komið upp í leikinn.

- Starfsfólkið var mjög gott að tala við börnin og vera til staðar í leik barna.

- Urðum meðvitaðri um helstu augnablik í frjálsum leik barnanna og einnig töluvert betri í að búa til skráningar, það sést á efninu sem við höfum sent foreldrum til að sjá hvað við höfðum verið að gera í kennslustofunni

Tækifæri til umbóta

- Við gætum skipulagt hvort annað aðeins betur svo við gætum notað undirbúnings tíma til að búa til betri skráningar.

- Það væri gott fyrir okkur að koma með kerfi sem gerir hverjum starfsmanni kleift að hafa pláss í kennslustofunni þar sem boðið er upp á eitthvað fyrir börnin í stað þess að deildarstjóri úthlutar hverri stöð þar sem börn geta leikið sér.
- Hafa fleiri möguleika fyrir börn til að leika sér, þetta myndi leyfa börnum að flæða á milli stöðva og fækka fjölda barna í hverri leikstöð, þetta mun aftur á móti draga úr árekstrum og hjálpa börnum að velja út frá áhugamálum sínum.

Félagsfærni

Félagsfærni á Dvergasteini snýst um að börn læri að taka þátt í fjölbreyttu starfi leikskólans. Þetta þýðir að börn þurfa að venjast í að vera í kringum önnur börn sem munu reyna að leika sér við nálægt þau, þess vegna er það mikilvægt að þau læri að nota orðin sín í staðinn fyrir hendur, vinna saman og deila sín á milli.

Í vetur höfum við lagt áherslu á að æfa félagsfærni með því að nota skrímsla- bækurnar þar sem litla skrímslið og stóra skrímslið lenda í alls konar aðstæðum. Við höfum notað þessar bækur til að búa til samtöl sem sýna tilfinningar og hvað við ættum að gera. Við höfum líka notað frjálsan leik og prentað efni í kennslustofunni til að styrkja hugmyndir um að leika fallega, nota orðin okkar og deila með öðrum.

Styrkleikar

- Með því að nota bækur og einstaklingssamtöl höfum við fengið börnin til að velta fyrir sér hegðun sinni og bera saman við sögurnar sem við höfum lesið í kennslustofunni, sem auðveldar börnum að skilja.
- Við höfum verið mjög góðir í að sýna tilfinningar í leik. Við erum góð í að útfæra tilfinningar þegar við erum í frjálsum leik svo börn viti hvort þau þyrftu að stoppa og biðjast afsökunar og við höfum verið góð í að benda á hegðun og gjörðir sem samsvara því að vera góð við aðra.

Tækifæri til umbóta

- Fara yfir hlutverk okkar sem kennarar og hvernig við stuðlum að því að læra félagsfærni þannig að, rétt eins og með frjálsan leik, höfum við betri skilning á starfi okkar á þessu sviði.

- Gera félagsfærni kennslu að einhverju sem gengur lengra en bóklestur. Nota orðaforða og skapa verkefni um félagsfærni á öðrum sviðum eins og listsköpun eða útinám.

Heilbrigði

Síðasta vetur lagði skólinn af stað til að halda áfram að nota æfingar í slökun og núvitund fyrir börn allra bekkjardeilda með það að markmiði að þær verði fastur hluti af daglegri dagskrá okkar. Við reyndum eftir fremsta megni að fylgja því eftir á þann hátt sem myndi höfða til og vekja áhuga barnanna og vegna ungs aldurs náðum við því miður ekki eins langt og við hefðum viljað. Við reyndum að aðlagga æfingarnar að aldursbili þeirra en hreyfipörf þeirra gerði þeim erfitt að vera kyrr meðan æfingarnar stóðu yfir.

Styrkleikar

- Okkur tókst að nota nokkrar öndunaræfingar á helstu atriðum dagsins, eins og fyrir hádegismat og í samverustund.

Tækifæri til umbóta

- Aðlagga efnið í Hugarfrelsi svo það passi betur að þörfum barnanna í kennslustofunni.

Útinám

Útinám gerir börnum kleift að efla sjálfstraust í takast á við mismunandi aðstæður og mismunandi veður, æfa sig í náttúrunni auk þess að muna og fara eftir umferðarreglum.

Við settumst niður og endurskoðuðum nálgun okkar á útinámi yfir vetrartímann, annað hvort að leysa verkefni útívið þar sem börnin lærðu eitthvað um hvernig náttúran og árstíðirnar virka. Við förum líka í litlar gönguferðir út fyrir skólalóðina svo þau gætu lært að ganga í hóp, vita hverja þeir hafa fyrir framan sig og safna efni úr náttúrunni til að nota við list- og handverkssköpun.

Við skoðuðum aðra staði í hverfinu þar sem börnin gætu leikið sér í ferðum okkar í vetur.

Styrkleikar

- Við skipulögðum ferðirnar okkar töluvert betur miðað við síðasta vetur. Þegar veðrið var of slæmt til að við gætum farið út, notuðum við næsta tækifæri sem við gætum farið út og framkvæmt þá áætlun sem við höfðum þegar.

- Við vorum með kennslustundir í undirbúningi ferðanna okkar þar sem við fórum yfir veðrið og hvað við þyrftum að klæðast og sem hjálpa börnunum að átta sig á því hvað þau þyrftu að taka áður en við fórum í fataherbergið.

Tækifæri til umbóta

- Við gætum skipulagt ferðir okkar enn betur svo við höfum lista yfir hvað við gætum gert á ákveðnu tímabili og jafnvel þó að það vanti starfsmann vegna veikinda eða annarra ástæðna, þá gætum við samt farið út og teymið myndi lesa yfir hvaða ferð við getum farið og bregðast við í samræmi við það.
- Sameina aðra þætti daglegrar dagskrár við útinám, td fara út í göngutúr og stunda samverustund eða slökun/núvitund þar

Umbótaráætlun Dvergasteins

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat ; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokist?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Félagsfærni	Að starfsfólk hafi betri skilning á hlutverki sitt í félagsfærni kennslu	Ígrunda hvað þýðir að kenna félagsfærni inn á deild	Sep-maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Deildarfundir nýttir til að endurmeta, stýra og endurplana ferlið	Að starfsfólk geta skilið hvað snýst um að kenna félagsfærni inn á deild á praktískan hátt
	Að auka þekkingu barna um tilfinningar og góð samskipti	Nota viðeigandi orðaforða og sjónrænt efni til að styðja við kennsluna	Sep-maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Safna skráningarsögur eða myndbönd sem sýnir að þekkingu barna hafið aukist	Að börn séu fær um að útskýra tilfinningar þeirra og tjá sig á jákvæðan hátt
Heilbrigði	Að bæta notkun slökun og núvitund æfingar	Ígrunda um slökun og núvitund æfingar fyrir yngstu börnin og tileinka þeim í samræmi við það	Sep-maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Deildarfundir nýttir til að endurmeta, stýra og endurplana ferlið	Að börnin læri að stjórna sjálfan sig með því að fylgjast með slökunar æfingar
Útinám	Að börnin fari í lengri útinámsferðir	Endurskoða útinámsferðir rúttína okkar	Okt-maí	Allir starfsmenn deildarinnar	Deildarfundir nýttir til að endurmeta, stýra og endurplana ferlið	Að börnin læri að fylgjast betur í hópum



3.4 Innra mat Grenilundar

Á Grenilundi eru 22 börn. Um haustið lögðum við af stað með þrjá árganga 2017 – 2019 þegar leið á veturinn þá fjölgaði í yngsta árganginum og fækkaði í þeim elsta. Þrátt fyrir breytingu á barnahópnum þá var samsetning barnahópsins mjög góður, einn af okkar nemendum kom frá Japan og það var skemmtileg áskorun. Mannauðurinn var góður en hann samanstóð af þremur leikskólakennurum, leikskólaliða og tónlistarmanni.



Unnið var að tveimur



Þemaverkefnum, annað var Alli Nalli og tunglið eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur og svo sagan um Emil í Kattholti eftir Astrid Lindgren. Við tengdum þemaverkefnin okkar við útinámið, söng, listsköpun og umræðum. Hér eru tveir nemendur að útbúa tvo spýtukarla úr greinum sem við tókum með úr útináminu.

Margar útinámsferðir voru farnar til að skoða tunglið í tengslum við bókina Alla Nalla og tunglið og átta okkur á því hvort að það væri að stækka eða minnka, sagan sögð utan sem innandyra.

Við tókum enn og aftur þátt í verkefninu Göngum í skólann og börnin skráðu í upphafi dags hvernig þau mættu í skólann.

Við tókum þátt í verkefninu Söfnum og sáum birkifræjum til uppgræðslu en við söfnuðum þeim bara.

Svör barnanna varðandi útinámið, þá finnst börnunum skemmtilegast að fá nesti í útináminu, fara í skógin og heimsókn á aðra leikvelli.



Hópastarfið hjá okkur var tónlist, myndlist, hreyfing og útinám og okkur gekk vel með að tengja þemaverkefnið einnig inn í það eins og hugarfrelsi. Reyndar urðu aðstæður þannig að við misstum leikfímmissalinn okkar meira og minna eftir áramót vegna covid – 19 og myglu, þá féll hreyfing innandyra mikið niður og þá hugarfrelsi innan þess þáttar.



Áherslan hjá okkur var **Félagsfærni, heilbrigði** og **sjálfsefning** og einkunnarorð skólans **gleði, vinsemd** og **virðing** skein í gegn um starfið hjá okkur þó svo að *áskoranirnar hafi verið oft miklar og þungar*.

Félagsfærni:

Styrkleikar

- Mikil áhersla var lögð á jákvæð samskipti, vinafærni og vera til staðar í leik barnanna og geta gripið inn í þegar við átti. Okkur gekk mun betur að vera til staðrar í leiknum og kenna börnunum samskipti eins og „má ég fá“, „viltu leika við mig“, „eigum við að skiptast á“ og greina má að börnin voru farin að tileinka sér jákvæðari samskipti og tjá sig með orðum en ekki með grát. Við getum sagt skilið við þennan þátt, en alltaf má gera betur. Sérstaklega þegar starfsmannahópurinn tekur breytingum, þess vegna viljum við halda áfram með þennan þátt.

Tækifæri til umbóta

- Að vera þar sem börnin eru og leggja mikla áherslu á jákvæð samskipti og setja orð á allar athafnir daglegs lífs, með því erum við að auka orðaforða barnanna og kenna félagsfærni. Þess vegna viljum við vera með þennan þátt aftur í umbótaráætlun.

Myndrænt skipulag við sáum hvað myndrænt skipulag hjálpaði nemandanum frá Japan mikið, þá ætlum við að útbúa meira og markvissara myndrænna skipulags fyrir alla við athafnir daglegs lífs.

Styrkleikar

- Við höfum fram að þessu einungis verið með myndrænt skipulag og myndakippur fyrir börn með sér þarfir.

Tækifæri til umbóta

- Útbúa myndræn skilaboð sem auðveldar börnunum að lesa í umhverfi sitt.

Heilbrigði:

Hugarfrelsinu voru gerð góð skil og allir virkir að gera það í upphaf stunda og vera með sögur tengdar slökun í hvíldinni eins með í



hreyfingu en þar hófst stundin með öndunaræfingum og í lok stundar var lögð áhersla á slökun og lesnar sögur tengdar því. Við hengdum upp tilfinninga spjöld en þar gátu börnin bent á viðeigandi spjald til að útskýra hverning þeim leið og mikil umræða



um tilfinningar. Einnig var

unnið var með styrkleika og var einn styrkleiki tekinn fyrir.

Við teljum að þessum umbótaþætti sé lokið.



Sjálfsfelling:

Við lögðum upp með að huga betur að barnasáttmálanum þar sem einn af okkar starfsmönnum var búinn að sækja námskeið tengd honum og vinna með hann og verkefni tengd barnasáttmálanum. Við vorum meðvituð um að hlusta á raddir barnanna og en ekki vinna að neinum verkefnum né sökkva okkur dýpra í hann, þessum þætti er því ekki lokið. Við ætlum ekki að taka hann upp að þessu sinni en það kemur að því starfsmaðurinn hætti og við teljum að þessi umbótaþáttur þyrfti að vinnast sem ein heild yfir skólann.



Mikil áhersla er lögð á sjálfsefningu og börnin hvött til að gera sem mest sjálf og svigrúm gefið til þess en einhverra hluta vegna við matmálstíma.



hefur það ekki náðst

Styrkleikar

- Börnin eru hvött til að gera sem mest sjálf en alltaf má gera betur og gefa sér meiri tíma til þess að styrkja börnin til þess að gera sem mest sjálf.

Tækifæri til umbóta

- Að börnin fái tækifæri til þess að öðlast meira sjálfstæði og trú á eigin getu til með því að skammta sér sjálf og ganga frá eftir sig.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfæmi	Að starfsmenn verði meira til staðar í leik barnanna inni sem úti.	Með hópa- starfi og með því að skipta okkur niður á svæði.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Haut 2022		Umræður á deildarfundum.	Að starfsmenn verði virkir í vinnu með börnunum jafnt úti sem inni.
Félagsfæmi	Auðvelda börnum að átta sig á því hvað er ætlast til af þeim	Myndrænt skipulag	Deildarstjóri og allir starfsmenn	Haut	Vor	Umræða á deildarfundum	Að börnin viti hvað ætlast er til af þeim og þau finni sig örugg
Sjálfsefning	Að auka sjálfstæði barnanna með að auka ábyrgð á þau í matmálstímum.	Að börnin skammta sér sjálf á diskana og gangi frá eftir sig.	Deildarstjóri og allir starfsmenn.	Agúst 2022	Mai 2023	Umræður á deildarfundum	Að þau skammta sér sjálf og gangi grá eftir sig



3.5 Innra mat Huldusteins

Á Huldusteini eru 17 skemmtileg börn á aldrinum 4-5 ára. Okkur finnst við standa okkur vel í starfi í vetur við þessar erfiðu og skrítnu aðstæður vegna Covid-19 og fáum oft hrós fyrir vel unnin störf en það má alltaf gera betur til að eflast enn frekar í starfi og maður getur alltaf lært hvort sem maður er ungur eða gamall. Við viljum efla börnin okkar enn frekar og gera þau sjálfstæðari því heimurinn er orðinn svo harður, og það er erfitt að lenda undir og verða t.d. fyrir einelti einnig að gera alla félagslega sterka til að hjálpast að ef eitthvað bjátar á, jafnrétti og bræðralag. Þetta kallast því einu nafni lífsleikni og munum við vinna með hana. Góð félagsfærni er það sem skiptir mestu máli í lífinu og fleytir okkur mjög langt í lífinu. Einnig ætlum við að bæta okkur enn frekar í útináminu og bæta læsinu þar inn í, þannig að börnin verða læs á umhverfið sitt og geti lesið í aðstæður.

Lífsleikni-Félagsfærni:

Á haustin byrjum við alltaf á því að vinna með vináttu og höldum því áfram allan veturinn og það veitir ekki af, einnig tölum við um einelti svo börnin viti og þekki það orð. Einnig notum við orð eins og hjálpsemi, ábyrgð, tillitssemi og þolinmæði til að börnin verða félagslega sterk og sjálfstæðir einstaklingar.

Börnin okkar hafa líka orðið mun sjálfstæðari eftir þennan vetur vegna Covid-19, þar sem foreldrarnir hafa nánast sem ekkert fengið að koma inn í leikskólann. Börnin hafi því þurft að bera sínar töskur sjálf inn og út úr skólanum, tekið af sér útifötin og gengið frá. Enda sést það vel á hvað þau eru orðin dugleg og fljót að bjarga sér sérstaklega í fataklefanum. Við styrkjum félagsþroskann með því að láta börnin sína hvort öðru tillitssemi o.fl.

- **Styrkleikar:** Börnin öðluðust færni í að leysa úr ágreiningi, notuðu og skildu hugtökin sem þeim voru kennd og sýndu mikla samkennd. Þeim hefur farið mikið fram í vetur að sýna hvort öðru tillitssemi og hjálpsemi.
- Vegna Covid var gaman að sjá hvað börnin urðu sjálfstæðari og efldust á þessum tíma. Börnin eru orðin mjög örugg að koma í leikskólann á morgnanna án foreldra með sínar töskur, ganga frá, þvo hendur og ganga inn á deild. Eins að fara heim seinnipartinn, að klæða sig, ef við erum inni og fara heim með foreldrum sem bíða úti við girðingu. Ef við erum úti þegar foreldrar koma að sækja þá fara börnin út úr garðinum til foreldra. Það er aldrei neitt vesen og allir sáttir. Við lögðum fyrir þau spurningu hvernig þeim þætti að foreldrarnir mættu ekki koma inn á leikskólann á meðan Covid væri og niðurstaðan var sú að um helmingur sagði að þeim þætti þetta bara gaman eða í lagi og hinum fyndist þetta ekki gaman af því að Covidið væri leiðinlegt.



En þó svo að börnin skilji og noti þessi orð þá má alltaf gera betur og starfsfólkið er opið og jákvætt og börnin alltaf til í breytingar. Við ætlum líka að gera börnin okkar sterkari og öruggari einstaklinga. Við ætlum því að vera duglegri að vinna með Stig af stigi jafnframt því að vinna með Hjálpfús, sem er verkefni frá Rauða krossinum. Þetta eykur sjálfsefningu og félagsfærni barnanna enn frekar.

- **Tækifæri til umbóta:** Að öll börnin fái sömu tækifærin til að tjá sig og á þau verði hlustað t.d. í framsögn, við matarborðið og fataklefanum. Við tökum hvert tækifæri til að spjalla til að æfa þau í að koma orðum að hlutunum og koma skoðunum sínum í ljós.

Útinám/umhverfislæsi:

Við förum reglulega í skipulegt útinám, eða einu sinni til tvisvar í viku, stundum ákveður starfsfólkið hvert og hvað á að gera en stundum fá börnin að ákveða. Það er mjög margt sem er verið að ígrunda í svona ferðum og námi s.s. mismunur á trjám, fuglategundum, mismunur á húsum, tölustöfum og götuheitum og svo árstíðabreytingar svo eitthvað sé nefnt. Við förum líka oft í marga skemmtilega leiki sem er ekki hægt að fara í á leikskólalóðinni þar sem það er ekki nógu mikið pláss.

Við erum líka í leiðinni að tala um tala um umhverfið okkar, hvernig við getum fegrað það t.d. með því að tína upp rusl og henda því í ruslafötur og tölum um veggjakrot því það er sóðalegt.

Einu sinni í mánuði förum við í Lundinn í Gufunesi í boði Reykjavíkurborgar, þá kemur rúta að sækja okkur og keyrir okkur báðar leiðir. Þar er mjög góð aðstaða til að börnin öðlist reynslu úti í náttúrunni sem hvetur þau enn frekar til könnunar á ótroðnum slóðum og færir þeim meiri þekkingu til langs tíma bæði líkamlega, andlega og félagslega. Rannsóknir sýna að við hugsum skýrar úti í náttúrunni og bætum úthald okkar til muna fyrir verkefnum sem krefjast þess að við einbeitum okkur.

- **Styrkleikar:** Börnin verða alltaf öruggari og öruggari í gönguferðum, þetta eykur líka úthald og þol, mikla samkennd og tillitssemi t.d. ef einhver dettur og meiðir sig. Þau eru líka opnari fyrir öllum breytingum í umhverfinu eins og gróðrinum, einnig hvar og hver býr og númerin á húsunum, einnig götuheitum. Börnin eru farin að koma meira að skipulagningu á ferðum, þ.e.a.s. hvert á að fara og jafnvel hvað á að gera. T.d. niður í Fossvogsdal eða í „úlfaskóg“.



Heilbrigði:

Við hreyfum okkur mjög mikið á Huldusteini enda erum við með orkumikil börn sem þurfa útrás. Förum því mikið í útiveru, gönguferðir og svo einu sinni í viku í Íþróttaskóla Víkings að gera markvissar æfingar undir leiðsögn Íþróttakennara. Við förum líka í ýmsa leiki inni, annað hvort eru þeir skipulagði eða frjálssir og þá er unnið með margvíslegan efnivið s.s. málningu, ýmsar stærðir af kubbum og alls kyns borðvinnu. Öll hreyfing er til að efla hreyfifærni, bæði gróf- og fínhreyfingar.

Það er mikið lesið til að auka orðaforða, lesskilning og tjáningu barnanna. Við notum meðal annars til þess bækur, loðtöflusögur, leiki, rím, lög og þulur. Börnin ná líka að oft að slaka á og hvílast við að hlusta á góða sögu og leyfa jafnvel ímyndunaraflinu að njóta sín. Einnig þegar við erum að hlusta á sögur eða gera æfingar frá Hugarfrelsi.

- Styrkleikar:

- Andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan barnanna er í fyrirrúmi.
- Vegna Covid ástandsins og að við vorum með barn með mikið bráðaofnæmi þá var extra mikið um hreinlæti og handþvott á deildinni. Einnig fengum við hurð frá deild beint inn á w.c. sem var mikill munur fyrir okkur öll á deildinni.
- Börnin fá góðan og hollan mat og taka hraustlega til matar síns. Það eitt eykur hreysti þeirra og hreyfingu sem þau fá í viðbót við þolið. Íþróttaskóli Víkings féll að miklu leyti niður í vetur vegna Covid en við komumst þó í nokkur skipti.
- Við vorum nokkuð dugleg að gera æfingarnar frá Hugarfrelsi til að byrja með og börnunum fannst þær
- líka spennandi, skemmtilegar og þeim leið vel við að gera þær. Það koma út úr spurningunum sem við lögðum fyrir þau. Þær voru á þessa leið: 1. Hvernig finnst þér að gera æfingar – slökunaræfingar? 2. Hvernig finnst þér þegar við erum að gera þessar æfingar en þegar við erum búin. 3. Hvað æfing finnst þér skemmtilegust en er einhver sem þér finnst leiðinleg? Það var mjög gaman að sjá hvað börnin voru jákvæð og útkoman kom vel út.

- Tækifæri til umbóta:

- Við þurfum að vera duglegri að halda Hugarfrelsis æfingunum við og gera þær reglulega en þær hafa dottið aðeins upp fyrir núna á vordögum hjá okkur




Umbótaþætti r Huldusteinn	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlu n	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Barnasáttmálinn Félagsfærni	Að börnin viti réttindi sín	Með því að kynna þeim þau. Sömu og síðast (heimili og jöfn en ekki eins) + vernd og öryggi og tjáning	Sept 2022 – maí 2023	Allt starfsfólk Huldusteins	Spjalla saman með börnunum í samverustund og starfsfólki á deildarf.	Að börnin viti og kunni réttindi sín samkvæmt Barnasáttmálanum
Tónlist	Að nota tónlistina meira heldur en við höfum gert eins og t.d. mála, syngja og dansa	Með því að kynna fyrir þeim t.d. ýmis konar tónlist og hvernig er hægt að nota hana og einnig að nota hljóðfæri	Sept 2022 – maí 2023	Allt starfsfólk Huldusteins	Spjalla saman og meta á deildarf. hvernig gengur	Að markmiði okkar er náð þegar við notum tónlistina við ýmskonar tækifæri og börnin eru ánægð í listinni
Hugarfrelsi	Að blanda andlegri og líkamlegri vellíðan saman, einnig að vinna með styrkleikanna	Gera ýmis konar æfingar sem auka vellíðan barnanna	Sept 2022 – maí 2023	Allt starfsfólk Huldusteins	Á deildarf. spjöllum við um hvernig gengur	Að börnunum líður betur í eigin skinni, bæði andlega og líkamlega og skilji og noti hugtökin úr hugarfrelsi
Útinám/ umhverfislæsi	Að fara í markvissari útinámsferðir og að efla börnin í umhverfislæsi í leiðinni	Að vekja athygli barnanna t.d. götuheitum, tölustöfum, búðarheitum og breytingum í náttúrunni eins og mismundandi tegundum trjána	Sept.2022- maí 2023	Allir starfsmenn Huldusteins	Starfsmenn nota deildarf. til að spjalla um hvernig gengur og einnig koma börnin að matinu	Að börnin eru orðin öruggari og læs á umhverfið sitt. Einnig að þau þekki náttúruna betur

3.6 Innra mat Skógarlunda

Á Skógarlundi í vetur voru 20 börn fædd árið 2016-2017 og voru 12 börn í eldri árang og 8 í þeim yngri.

Árið reyndist okkur á Skógarlundi frekar þungt, mikil mannekla var á deildinni, krefjandi barnahópur og viðgerðir vegna myglu leiddu til þess að við misstum stóran hluta af deildinni, áður en við fluttum í nýtt húsnæði.

Skipulag sem lagt var með í upphafi árs breyttist því oft á tíðum yfir önnina, við höldum þó alltaf í okkar helsta markmið að öllum börnum líði sem best og að það sé gaman í leikskólanum. Í vetur var lögð megin áhersla að vinna með vinafærni og var það gert meðal



annars með því að lesa, fjalla um vináttu, fara í leiki sem þjálfar samskipti og samvinnu, sungið og margt annað. Einnig var unnið með Lubbi finnur málbein, framsögn, stærðfræði og sjálfshjálpi.

Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur, ásamt Tónskóla Sigursveins og öðrum leikskólum borgarinnar með því að syngja lög eftir Ladda í Hörpunni. Verkefnið gekk mjög vel og vorum við mjög stolt af okkar barnahóp. Bak við svona verkefni er mikill lærdómur og æfingar sem börnin tileinkuðu sér og er gaman að fá að uppskera fyrir framan fólkið sitt í Hörpu.

UMBÓTAPÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Haust 20-22	Vor 20-23	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Félagsfæmi	Að starfsmenn séu meira til staðar í leik með börnum	Skipulagt er séu meira til staðar í leik með börnunum.	Allir starfsmenn á deildinni	Haust 20-22	Vor 20-23	Deildarfundir nýttir til þess að ræða hvernig gengur. Opnar spurningar lagðar fyrir starfsmenn þar sem það metur hvernig til tókst.	Að starfsfólk verði meðvitað um að vera til staðar í leik, átti sig á mikilvægi þess að fylgjast með börnunum. Ásamt því að veita börnum aðstoð til þess að læra og þroskast í gengum leik.
Sjálfsefning	Að raddir barnanna heyrist meira inni á deild	Leyfa þeim að hafa meira til máls að leggja varðandi hvað er gert inni á deild,	Allir starfsmenn á deildinni	Haust 20-22	Vor 20-23	Deildarfundir, barnafundir (í samverustund), ljósmyndir, spurningarlistar fyrir börnin. Umræður á deildarfundum	Niðurstöður deildarfunda verða nýttar til þess að vinna eftir Skoðuð verða svör barnanna sem fram koma á



		hvaða leikföng eru í boði, hvert á að fara í útinámi o.s.frv.					spurningalisti m og á barmdafundum og unnið verður eftir þeim.
Heilbrigði	Markviss vinna með hugarfrelsi	Notuð verður bókin „Hugarfrelsi“ til að vinna eftir. Æfingar úr henni vera settar inn í daglegt starf með bömunum. Ásamt því að í hverjum mánuði er unnið með einn styrkleika og er sá styrkleiki settur inn í skipulag.	Allir starfsmenn deildarinnar	Haust 20-22	Vor 20-23	Umræður á deildarfundum. Farið verður yfir lista. Skoðað verður hvernig hugarfrelsi er komið inn í daglegt starf. Börnin verða spurð hvernig þeim líður og hvort þeim finnst gott að nota æfingarnar. Börnin spurð út í styrkleika sína yfir árið og skráð.	Niðurstöður deildarfundar verða nýttar til þess að vinna eftir. Skoðuð verða svör barnanna og unnið eftir þeim.
Skilafundir	Að taka aftur upp skilafundi milli deilda	Vera með fund í byrjun haustanna þar sem farið verður yfir hver og eitt barn sem kemur yfir á nýja deild	Deildarstjóri	Haust 20-22	Vor 20-23	Deildarfundir og/eða deildarstjórafundir nýttir til að fara yfir stöðu mála.	Að auðvelda upplýsingaflæði milli deilda til að bæta líðan barnanna í leikskólanum
Deildarfundir	Fastir deildarfundir yfir skólaárið	Skrá fundina fyrir fram í skóladagtal	Deildarstjóri, stjórnendur	Haust 2022	Vor 20-23	Tíðni funda sem eru haldnir á skráðum degi í dagtali	Einn fundur á mánaðarfresti



Að starfsmenn séu meira til staðar í leik með börnum:

Á Skógarlundi leggjum við áherslur á jákvæð samskipti og vinnufærni. Með þátttöku starfsmanna í leik barna getum við stutt við jákvæð samskipti innan barnahópsins, leiðbeint börnum í ýmsum aðstæðum og séð hvað hvernig samskipti þeirra eru. Með þátttöku starfsmanna í leik verður leikurinn markvissari ásamt því að börnin fá stuðning við nám og þroska í gengum leikinn. Leikur er okkar helsta námsleið og er því afar mikilvægt að við séum til staðar til þess að veita börnunum okkar sem bestu leið til þess að læra.

- Styrkleikar:

- Mikil áhersla er lögð í okkar starfi á að börnin læri og þekki þær samfélagslegu reglur sem felst í að vera vinsamlegur og góður vinur. Börnin eru lausnamiðuð þegar upp koma vandamál, t.d. með að nota setningar á borð við „eigum við að skiptast á?“, „má ég vera með?“ eða „á ég að aðstoða þig?“

- Tækifæri til umbóta:

- Að starfsmenn séu meira til staðar í leik með börnum til þess að geta leiðbeint og gripið tækifæri til þess að þjálfar og kenna börnum í gegnum leik. Leikur er námsleið barnanna til þess að læra og þroskast, því er mikilvægt að þau fái þann stuðning og aðstoð sem þau þurfa til þess.

Skilafundur:

Ákveðið var að halda skilafundi fyrir börn sem færast á milli Skógarlunda og Grenilunda. Með þessum fundum var lagt upp með að fara yfir þau börn sem færðust á milli deilda og gefa upplýsingar sem vert er að hafa í huga þegar börn byrja á nýrri deild, með nýjum kennurum. Það auðveldar að veita börnunum nám og umhverfi við hæfi strax við upphaf.

- styrkleikar:

- Góð samvinna og vilji fyrir upplýsingaflæði er innan hús.

- Tækifæri til umbóta

- Festa niður ákveðinn dag í skóladagatali sem er ætlaður upplýsingafundum um slík skil, til þess að dagurinn gleymist ekki.

Að vinna markvissara með hugarfrelsi:

Við á Furuskógi fór í þá vinnu að innleiða hugmyndir hugarfrelsis. Með hugarfrelsi er unnið með núvitund og slökun ásamt sjálfstyrkingu barna. Markviss vinna hefur ekki náðst inni á Skógarlundi í vetur en þó hafa einhverjar æfingar náð að festa sér sessi, líkt og



öndunaræfingar. Lagt var upp með að vinna með styrkleika í hverjum mánuði og byrjaði sú vinna vel en fjaraði síðan því miður út. Starfsmenn og börn eru hins vegar jákvæð með að vinna eftir þessari hugmyndafræði og er ætlunin að taka upp þráðinn á næsta ári og vinna markvissara með hugmyndafræði hugarfrelsis.

- styrkleikar:
 - Vilji, löngun og áhugi er til staðar að vinna eftir hugmyndum hugarfrelsis
- Tækifæri til umbóta:
 - Koma markvissri vinnu inn í deildarskipulagið og skipuleggja hvaða þætti unnið er með í hverjum mánuði.

Að raddir barna heyrist meira inni á deild:

- **styrkleikar**
 - Samskipti barna og starfsfólks eru góð og eiga börnin auðvelt með að koma til okkar, til þess að segja sínar skoðanir.
hafa gott aðgengi að leikefni sem er í boði og geta þau valið sér hvað þau vilja leika með hverju sinni.
 - Leyfa börnum að velja meira hvað þau gera í daglegu starfi. Með því er átt að þau hafi tækifæri til þess að segja hvaða leikefniviður er inni á deild, hvað verður gert í útinámi, hvaða lög.
Koma á stað barnaþingi (lýðræðisfundir) einu sinni í mánuði þar sem börnin fá tækifæri til þess að koma fram sínum skoðunum og ræða saman um þeirra langanir í leik og starfi.

Deildarfundir

- **Styrkleikar**
 - Deildarfundir voru of sjaldan en voru þó alltaf markvissir, góðir og skila af sér mikilvægum upplýsingum. Deildin finnur tíma þegar flestir starfsmenn eru mættir en annars eru þeir sem misstu af upplýstir eftir fundinn. Starfsmenn sem annast stuðning innan deildarinnar fá tíma til að upplýsa aðra starfsmenn um þá vinnu og þjálfun er í gangi að hverju sinni.
- **Tækifæri til umbóta**
 - Festa þá í skóladagatal og inn í skipulagt starf til þess að þeir gleymist ekki og þar af leiðandi verða ekki. Deildarstjóri er fundarstjóri og hefur orðið fyrst, aðrir



starfsmenn taka virkan þátt, einnig gefst tækifæri fyrir aðra starfsmenn að ræða önnur mál til að auka upplýsingaflæði á deildinni.



4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar?

Sérkennslan var skipulögð með það í huga hvað væri börnunum fyrir bestu.

Hugmyndafræðin menntun án aðgreiningar var höfð að leiðarljósi með það í huga að mæta þörfum barna sem þurfa á auknum stuðning að halda. Þetta var gert í eins eðlilegum aðstæðum og hægt var í öllu daglegu starfi. Stuðningur var aukinn á börn í einhverjum tilfellum.

Mikil áhersla var á gott samstarf við þjónustumiðstöðina í hverfinu til þess að fá ráðgjöf, upplýsingar, fræðslu og þjálfun fyrir börnin, starfsfólk og foreldra. Mikil samskipti voru við hegðunarráðgjafa, sálfræðinga og sérkennsluráðgjafa. Einstaklingsstundir voru skipulagðar í samráði við ráðgjafa frá þjónustumiðstöð, með fyrir fram ákveðnum markmiðum sem unnið var með inni í einstaklingsstundum og síðan yfirfærð inn á deildir eða í aðrar stundir daglegs starfs. Áhersla var lögð á það að hafa sérkennsluna sýnilegri fyrir starfsfólkið, börn og foreldra.

Stuðningsfulltrúar sögðu frá þeim markmiðum sem þeir voru að vinna með á deildarfundum og því vissi deildin hvernig væri verið að vinna með barninu. Ef verið var að notast við skráningar, eins og t.d. matarskráningar, klósettskráningar eða AHA – skráningar var deildarstarfsfólki kennt að skrá, ef stuðningsfulltrúa vantaði einhvern daginn gat þá deildarstarfsmaður tekið við skráningum.

Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?

Unnið var með skráningar út frá skráningar námskeiðum hjá Greiningarstöðinni. Notast var við blöð þar sem unnið var eftir vikumarkmiðum og merkt við hvað náðist að vinna með dag frá degi og síðan var skráð hvernig til tókst. Unnið var með lista þar sem merkt var við hvenær ákveðin færni var lögð inn og hvenær barnið náði færninni. Einnig var unnið með matarskráningar í matartímum, klósettskráningar í klósettþjálfun og AHA – skráningar til þess að leitast eftir mynstrum tengdum hegðun og næringu.

Stuðningsfulltrúar notuðu einnig skráningarblöð og sérkennslustjóri aðstoðaði þá við að finna verkefni til að vinna með í einstaklingsstundum. Hakað var við það sem gert var í hverri stund á hverjum degi. Einnig var hægt að skrifa athugasemdir við hvern dag, hvað gekk vel og hvað gekk ekki nógu vel.

Í hópastarfi var unnið með ljósmyndir, myndbandsupptökur og dagbókaskrif.

Hvaða matsgögn voru notuð?

Matsgögnin sem notuð voru eru Hljóm-2, TRAS, AEPS, EFI-2, VB-MAPP og PECS.

Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?

Námsefni sem notast var við í sérkennslunni í vetur var allur sá efniviður sem leikskólinn á og vinnur með, en einnig voru keypt ýmiss konar spil til málörvunar og félagsfærniþjálfunar.

Unnið var mikið með t.d. lestur bóka, ýmiss konar spil, félagsfærnisögur, örsögur, fínhyrningaverkefni, ýmiss konar kubba og leikföng.

Lubbi finnur málbein er inni í daglegu starfi á öllum deildum.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skipulag	Fastir fundir einu sinni í mánuði með stuðningsfulltrúum.	Hafa fasta fundi í dagbók í hverjum mánuði fyrir hvern og einn þjálfara.	Sérkennslustjóri	Ágúst		Skoða dagbókina, sjá hvernig gengur og hafa mánaðarlega fundi.	Setjast niður með hverjum þjálfara einu sinni í mánuði og fara yfir hvernig gengur, skoða markmið og veita stuðning.
Dagskipulag sérkennslustjóra	Hafa skipulag á því í hvaða húsi sérkennslustjóri er.	Setja upp vikuskipulag í báðum húsum. Festa daga, vera annan hvorn dag í sitthvoru húsi.	Sérkennslustjóri	Ágúst		Skráningar í dagbók og skoða hvernig gengur að fylgja fastri viðveru.	Sérkennslustjóri hefur fasta viðveru í hvorri starfsstöð og annað starfsfólk þekkir skipulag á því.



Dagskipulag stuðningsfulltrúa	Vikuplan fyrir stuðningsfulltrúa.	Setja upp dagskipulag fyrir hvern og einn stuðningsfulltrúa . Með þessu skipulagi veit deildin alltaf hvar stuðningsfulltrúinn er og hvað hann gerir þann daginn. Auðvelt er því að skipuleggja út frá vikuplani.	Deildar stjóri og sér kennslu stjóri	Agúst / Sept		Umræður og skipulag með þeim sem eiga hlut að, sérkennslustjóra , deildarstjóra og stuðningsfulltrúum.	Skýrt dagskipulag fyrir starf stuðningsfulltrúa er aðgengilegt öllum á viðkomandi deild. Þar kemur fram hvað unnið er með hverju sinni.
Yfirsýn á deildum	Fundur með deildarstjórum fyrir og eftir áramót	Sérkennslustjóri og deildarstjóri setjast niður einu sinni á hverri önn og fara yfir bamaþópin, eru áhyggjur af einhverju barni á deildinni? Sérkennslustjóri setur niður fundi í byrjun skólaárs í samráði við deildarstjóra.	Sér kennslustjóri	Sept / Okt		Sérkennslustjóri skráir hvort fundur hafi verið og skoðar (með deildarstjóra) hvaða árangri þeir skila.	Fundir sérkennslustjóra og deildarstjóra eru haldnir einu sinni á hverri önn þar sem rædd eru málefni bama og áhyggjur ef einhverjar eru, í þeim tilgangi að koma málefnum bama í réttan farveg og öðlast yfirsýn yfir stöðu bama/sérkennslu í skólanum öllum.



5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Ráðið var í stöðugildi til að styðja við málörvun fjöltyngdra barna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já. Talað er við börnin, orð sett á hluti og athafnir og bækur/sögur lesnar á hverjum degi. Unnið er með Gefðu 10 og Lubba.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já, unnið er með orðaspjall á öllum deildum, bækur lesnar, ljóð og þulur og unnið er með valin orð sem þar koma fyrir. Tekin eru fyrir ákveðin þemu í orðaforða og unnið með þau. Þá tekur starfsmaður fjöltyngis börn á elstu deild í samverustund á hverjum degi þar sem lesnar eru bækur, lagt inn orðaforða tengdum þemu, spilað og málörvunarverkefni unnin.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notast var við Hæfniramma fyrir fjöltyngd börn og hann endurskoðaður á 2 mánaða fresti. Út frá honum voru málörvunarstundir skipulagðar. Einnig var notast við niðurstöður úr Hljóm- 2 til að styðja börn á elstu deildum.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, búið var til skipulag þar sem lagt var áherslu á alla þessa þætti. Málörvunarstundir fólu í sér að ýta undir alla þessa þætti á einum tímapunkti eða öðrum.

Niðurstöður innra mats

Unnið er með snemmtæka íhlutun og markvisst unnið með málörvun barna. Fjöltyngd börn voru tekin reglulega í málörvunarstundir þar sem unnið var með málið bæði í gegnum leik og samtöl. Farið var inn á deildir til að styðja við fjöltyngdu börnin í daglegu starfi. Starfsmaður nýtti fataherbergið til málörvunar með því að fara og aðstoða við klæðnað fyrir útiveru. Þá fór hann með í ferðir og studdi við þau börn sem það þurftu. Aukið var samstarf við foreldra þó alltaf megi gera betur. Foreldrar komu með bækur að heiman, kynntu fyrir okkur hefðum og menningum þeirra. Dagur fjöltyngis var haldin hátíðlegur þar sem haldið var ball með lögum á hinum ýmsu tungumálum. Þá voru gluggar skreyttir og foreldrar fengir til að kenna okkur setningar úr þeirra móðurmáli. Aðlögun fjöltyngdra barna var endurbætt þar sem fundir voru haldnir með foreldrum ásamt túlki og sjónrænu skipulagi var komið upp. Foreldrar kenndu okkur frasa á sínu móðurmáli sem auðveldaði okkur samskipti við börnin í aðlögun. Starfsmaður fór í veikindaleyfi í lok febrúar 2022 og fæðingarorlof í maí 2022. Enginn starfsmaður mun taka við á stöðunni á meðan og því munu umbætur bíða á meðan.

Umbótaáætlun –fjöltyngr 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Auka foreldrasamstarf fjöltyngra barna	Daglegt starf og upplýsingaflæði	Gefa foreldrum fleiri tækifæri til að koma inn á deildir og taka þátt í daglegu starfi. Þá má nýta tyllidaga og aðra daga til að kynna foreldrum fyrir íslenskri menningu. Styðja mætti foreldra við að komast inn í íslenskt samfélag	Verkefnastjórn i fjölmennningar , deildarstjórnar og leikskólastjórnar	Sept 2023	Maí 2024	Rætt við foreldra um þeirra upplifun af samstarfi og hvað betur mætti fara.	Niðurstöður samtala við foreldra.
Málörvun inni á deild	Gera má ennþá betur við að fara inná deildir og styðja við börn í málörvun í daglegu starfi.	Skipuleggja tíma þar sem starfsmaður fer markvisst inná deildir til að styðja við málörvun bara í daglegu starfi.	Verkefnastjórn i fjölmennningar	Sept 2023	Maí 2024	Haldið verður utan þá tíma sem starfsmaður ver inni á deildum og hvað hann gerði með skráningum.	Skoðað verður skráning um málörvun inni á deildum og metið hvað betur má fara.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Það stóð til að bjóða öllu starfsfólki upp á starfsþróunarsamtöl. Við ákváðum að prófa að taka þau saman leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri. Vegna tímaleysis var ákveðið að taka stutt samtöl við hvern og einn með þremur spurningum hvernig líður þér í vinnunni, eru einhverjar breytingar fyrirhugaðar. Hvernig ætlar starfsmaðurinn að taka orlofið. Við erum byrjaðar en náðum ekki að klára en ætlum að halda áfram.

Fræðsla starfsfólks fer aðallega fram á skipulagsdögun. Í ágúst ætlar fagstjóri Norðurmíðstöðvar að koma með kynningu fyrir allt starfsfólk. Í nóvember ætlum við að fá fræðslu um samskiptasáttmála og búa okkar sáttmála. Við ætlum einnig að fá fræðslu um starfendarannsóknir, fræðslu um hvernig við tökum á erfiðri hegðun og gera samskiptasáttmála með börnum, fara í ferð innanlands og skoða leikskóla og taka þátt í teymisvinnu í skólahverfinu sem tengist læsi. Einnig viljum við endurvefja lærdómssamfélag stjórnenda og bjóða nýju starfsfólki upp á nýliðafraeslu.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Okkur til mikillar ánægju er búið að endurvefja samstarf skólanna í Fossvogi. Við hittumst í vor og skipulögðum saman vorstarfið og flutning á milli skólastiga. Við hittumst aftur í haust og bjuggum til dagskrá með heimsóknum bæði í grunnskólann og frístund í hverfinu og heimsókn grunnskólabarnanna til okkar. En það sem ég er ánægðust með er að við náum í fyrsta skipti að samræma „öðruvísidaga“ á skóladagatalinu okkar. Þetta finnst mér vera upphaf að meira og betra samstarfi á milli skólanna í hverfinu okkar.

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er starfandi við leikskólann. Foreldraráðið er skipað þremur fulltrúum. Foreldraráðið starfar eftir lögum um leikskóla frá 2008. Hlutverk þess er að vera umsagnaraðili um meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Stjórn þess er skipuð sex fulltrúum. Hlutverk foreldrafélagsins er að styðja við leikskólastarfið, stuðla að velferð barnanna og efla samskipti foreldra innbyrðis og við leikskólann.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2022-2023


- 30. ágúst
- 20. október
- 18. nóvember
- 15. mars
- 21. apríl
- 19. maí

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 – Skóladagatal

10.2 Fylgiskjal 2 – Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Furuskógar


Ingibjörg Brynjarsdóttir, leikskólastjóri

22. nóvember 2022

Dagsetning

Fylgiskjal 1

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Leikskólinn Furuskógur



ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Míðidagur verðmanna	1 F	1 L	1 P	1 F Þriðlegur dagur	1 S Helldagur	1 M	1 M	1 L	1 M Veisulegisdagurinn	1 F	1 L
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F Tanhverðanvika	2 F	2 S Þannadagurinn	2 Þ	2 F Sumarhátíð	2 S
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Sjávarnisdagurinn	4 Þ
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M Gulur dagur	5 F	5 M	5 M
6 L	6 Þ Aðlögun	6 F	6 S	6 Þ	6 F Forsetisdagurinn	6 M Dagur leikskólans	6 M	6 F Skóladagurinn	6 L	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ Dagur hliðanaskóla	7 Þ	7 F Forsetisdagurinn lengi	7 S	7 M Skólafrí gumnaskóla	7 F
8 M	8 F Dagur laus	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F Rauður dagur	9 M	9 F	9 F	9 S Þannadagurinn	9 Þ	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M Áttundin / júlíum	10 M	10 L	10 M
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L Dagur íslensku skóla	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F
14 S	14 M	14 F Bleikur dagur	14 M	14 M	14 L	14 Þ Dagur samfélagsins	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 F Dagur leikskólans	16 S	16 M	16 F Jólábóll	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F Fanaball	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L Jólfríðisdagurinn	17 M
18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ Þannadagurinn	18 F	18 S	18 Þ
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M Þannadagurinn	19 F	19 M	19 M
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F
22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F Þóttuneyti	23 M	23 F	23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M
25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ
26 F	26 M	26 L	26 Þ	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 F	27 M	27 L	27 L	27 F	27 L	27 Þ	27 F
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M		31 L	31 Þ	31 L	31 Þ	31 F	31 F	31 M	31 M		31 M

Starfsáætlun 2022 – 2023

Leikskólinn Furuskógur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Eyrún Bjarnadóttir

Hildur Sturludóttir

Marteinn Briem



Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráði Furuskógar hefur á fundi með leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra verið kynnt starfsáætlun leikskólans fyrir starfsárið 2022-2023.

Það er mat foreldraráðs að starfsáætlunin sé bæði ítarleg og faglega unnin. Starfsáætlunin uppfyllir öll þau atriði sem kveðið er á um að séu til staðar í leikskólastarfinu. Það er okkar mat að faglegt starf er unnið á leikskólanum og áherslur starfsins samræmast vel skólanámskránni þar sem hagsmunir barna eru settir í forgang.

Að mati foreldraráðs fer fram faglegt starf í Furuskógi, áhersla á vellíðan bæði barna og starfsfólks. Einnig er áhersla á að skapa umhverfi þar sem gleði, vinsemd og virðing eiga að einkenna samskipti bæði barna og starfsfólks. Allar deildir leggja ríka áherslu á jákvæð samskipti, sjálfseflingu og félagsfærni. Einnig er áhersla á hlutverk starfsfólks í frjálsum leik barnanna en sá þáttur samræmist vel þeim áherslum sem menntastefnur segja til um. Deildir leikskólans hafa sett sér margvísleg fagleg markmið sem hæfa aldri og þroska barnanna, markmiðin snúa meðal annars að foreldrasamstarfi, réttindum barna og fjölmenningu. Þessir þættir munu efla skólastarfið enn frekar og getum við verið stolt af þessum áherslum sem leikskólastarfið býður börnunum okkar.

Undir lok síðasta skólaárs neyddumst við til að yfirgefa Álandið vegna myglu sem þar uppgötvaðist. Flutningur í Safamýri tímabundið reyndist mjög krefjandi ferli fyrir börn, starfsfólk og stjórnendur Furuskógar sem eiga mikið hrós skilið fyrir að hafa gert sitt allra besta til að gera þetta ástand sem best fyrir börnin. Við viljum þó lýsa yfir vonbrigðum með hægan framkvæmdahraða verktaka sem gerði okkur loks kleift að flytja aftur í Áland þann 11. október þrátt fyrir að húsnæðið hafi verið tæmt í byrjun maí.

Foreldraráð leggur áherslu á að vöktun loftgæða og sýnataka á svæðinu verði tíðari framvegis enda hefur reynslan sýnt okkur að mygluna er erfitt að uppræta að fullu og hún líkleg til að skjóta rótum sínum aftur. Í Efstalandi hefur verið kallað til loftgæðamælinga og sýnatöku, með sérstakri áherslu á Dvergastein.

Reykjavík, 6. nóvember 2022

Eyrún Bjarnadóttir

Hildur Sturludóttir

Marteinn Briem



